ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ
Í samstarfi við Vesturport
19. maí kl. 20 Uppselt
20. maí kl. 20 Uppselt
25. maí kl. 20 Uppselt
26. maí kl. 20 Uppselt
31. maí kl. 20 Uppselt
1. júní kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



PARS PRO TOTO - DANSLEIKHÚS
Von og G.Duo
Sun. 13. maí kl. 17
Mán. 14. maí kl. 20
Miðaverð kr. 2.000
AÐEINS ÞESSAR TVÆR SÝNINGAR Á DANSVERKUNUM VON EFTIR LÁRU STEFÁNSDÓTTUR & G. DUO EFTIR LÁRU STEFÁNSDÓTTUR OG VICENTE SANCHO
Mánudaginn 14. maí kl. 20 - Tryggðu þér miða á www.opera.is
ÓPERUDEIGLA ÍSLENSKU ÓPERUNNAR - FÖS. 18. MAÍ KL.16.30
Óperudeigla Íslensku óperunnar kynnir þrjár íslenskar óperur í vinnslu föstudaginn 18. maí kl. 16.30 - Umræður að kynningum loknum.
Aðgangur ókeypis, allir velkomnir - Nánari upplýsingar á www.opera.is
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasalan flytur, sjá neðst!
Stóra sviðið kl. 20:00
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Lau. 19/5 örfá sæti laus, lau. 25/5 örfá sæti laus. Síðustu sýningar í vor!
Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti. Námsmannafslættir!
CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5 nokkur sæti laus.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.
Fös. 18/5 nokkur sæti laus, fös. 25/5. Sýningum fer fækkandi Umræður eftir sýninguna 13/5 með Viðari Þorsteinssyni heimspekingi og 18/5 með Ingólfi Ibraheem Shaheen.
Kassinn
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Mið. 16/5, uppselt og fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5 uppselt, lau. 19/5 uppselt, sun. 20/5 örfá sæti laus, fim. 24/5 uppselt, fös.1/6, sun. 3/6.
Kúlan
SKOPPA OG SKRÍTLA, Leiksýning Hrefnu Hallgrímsdóttur og Lindu Ásgeirsdóttur
Lau. 19/5 kl. 11:00 nokkur sæti laus og kl.12:15, sun. 20/5 kl. 11:00 nokkur sæti laus og 12:15. Aðeins þessar sýningar!
Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!
„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR
VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 26/5 AUKASÝNING Síðasta sýning
LADDI 6-TUGUR
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14 UPPS.
Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20
Fim 21/6 kl. 20
SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Lau 19/5 kl.20 UPPS. Sun 20/5 kl.20 UPPS.
Fös 25/5 kl. 20 UPPS. Lau 26/5 kl. 20 UPPS.
Fim 31/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20
Sun 3/6 kl. 20 Fim 7/6 kl. 20
Lau 9/6 kl. 20 Fös 15/6 kl. 20
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 16/5 kl. 20 Síðasta sýning
Styrktarsýning fyrir Eddu Heiðrúnu Backman
BELGÍSKA KONGÓ
Mið 30/5 kl. 20 Mið 6/6 kl. 20
Sun 10/6 kl. 20 Fim 14/6 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar
SPÍTALINN
Eftir Jo Strömgren. Gestasýning frá Noregi.
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 20
Sun 20/5 kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
DAGUR VONAR
Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin
SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 25/5 kl. 20
Fim 31/5 kl. 20
Sýningar hefjast að nýju í september
SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS.
Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS.
Lau 19/5 kl. 14 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS.
Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.
LÍK Í ÓSKILUM
Þri 5/6 kl. 20 Forsýning
Fim 7/6 kl. 20 Forsýning
Fös 8/6 kl. 20 Forsýning
Lau 9/6 kl. 20 Forsýning
Miðaverð 1.500
BORGARLEIKHÚSIÐ

! **Kl. 20.00**
Víkingur Heiðar Ólafsson heldur aukatónleika í Salnum í Kópavogi. Á efnisskránni eru verk eftir J.S. Bach og F. Chopin, auk hinnar stórbrotnu Appassionata-sónötu eftir Beethoven. Þá frumflytur Víkingur píanósvítu eftir föður sinn Ólaf Óskar Axelsson.



menning
menning@frettabladid.is

>Ekki missa af...

yfirlitssýningu á verkum bandarísku myndlistarkonunnar **Roni Horn** í **Listasafni Reykjavíkur**, Hafnarhúsi.

Gyðjunni í vélinni. Stöllurnar í **Vatnadansmeyjafélaginu Hrafnhildi** vitja gyðjunnar í varðskipinu **Óðni**.

Vorblóti - heimstónlistarhátíðinni sem hefst 17. maí. Fjöldi **þekktra** listamanna færir okkur **tóna** frá öllum hornum heimsins.

Fossum borgarinnar fjölgar

Fossinn í Bankastrætinu nýtur sín best í sól og smá golu. Margir hafa séð hann, einkum athugulir vegfarendur í Lækjargötu, þar sem hann glitrar í borgarlandslaginu og minnir okkur á náttúruna í stærra samhengi.



HÖFUNDUR BANKASTRÆTISFOSSINS Theresa Himmer setur upp nýjan glitrandi pallíettufoss á Kjarvalsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Höfundur fossins, arkitektinn Theresa Himmer, er nú í óða önn að smíða næsta foss sem settur verður upp á hönnunarsýningunni Magma/Kvika á Kjarvalsstöðum. Bankastrætisfossinn byrjaði með gömlu póstkorti en trónir nú, sex metra hár, á húsinu númer sex en hann er gerður úr plasti og rúmlega þrettán þúsund risa-pallíettum. Fossinum var komið fyrir í tengslum við grasrótarhátíðina Sequences á liðnum vetri og hefur staðið vel af sér veðraham og frosthörkur.

Magma/Kvika verður ein viðamesta sýning sem sett hefur verið upp á íslenskri samtímahönnun en hún verður opnuð 19. maí. Um sjötíu af fremstu og framsæknustu hönnuðum Íslands taka þátt í sýningunni og verður fjölbreytt fræðslu- og kynningardagskrá í tengslum við hana.

„Þegar mér bauðst að taka þátt í hönnunarsýningunni ákvað ég fljótlega að gera nýjan foss – það gekk ekki að flytja þennan því hann var gerður fyrir þennan vegg og ég vil því leyfa honum að vera þar svo lengi sem hann hefur leyfi til. Það er bara gaman að fá að gera nýjan," segir Theresa. „Fyrir mig er þetta mjög áhugavert verkefni því þótt efnið sé það sama verður samhengið allt annað og því útkoman líka."

Theresa er arkitekt og starfar hjá Studio Granda og hún hefur verið búsett hér á landi í tvö ár. „Sumir hafa kallað mig flóttamann ástarinnar," segir hún í gríni en útskýrir svo að hún hafi elt ástina hingað því að eiginmaður hennar er íslenskur.

Theresa útskýrir að fyrri fossinn hafi verið byggður á mynd af Seljalandsfossi en nú sé henni hugsað til Goðafoss. Það sé einnig skemmtileg tilviljun að nú er nýlokið sýningu á Kjarvalsstöðum þar sem fjórir ólíkir myndlistarmenn sýndu fossa sína.

Fleiri tengja pallíettur frekar við fegurðarsamkeppnir og risastór auglýsingaskilti en myndlist eða náttúru. „Þessi verk fjalla svolítið um það, þetta er hráefni sem er óneitanlega tengt yfirborðsmennsku og tilbúningi; fyrirtækið sem framleiðir pallíetturnar selur mikið af þeim á alls kyns hátíðir og tískusýningar. Það sem heillar mig svo er þessi árekstur. Pallíetturnar eru pínulítið smekklausar en þar sem verkið vísar til náttúrunnar og hreinleikans verða þær ljóðrænar. Þetta eru tveir ólíkir heimar."

Glansmynd fossins er umkringd annars konar list, áletrunum og veggjakorti en Theresa segir að þannig eigi það að vera – hann eigi að falla inn í borgarlandslagið. Hún hefur ákveðnar skoðanir á list á opinberum vettvangi og útilistaverkum. „Opinber list getur verið allt frá bronsstyttu af þjóðhetju á hestbaki yfir í graffiti, götuleikhús og fleira. Mér finnst mjög mikilvægt að list fái að njóta sín opinberlega og sjálf kann ég best að meta það þegar hún hefur skírskotun í hversdagsleikann eða fær fólk til að sjá umhverfið í nýju ljósi," segir Theresa en í heimaborg hennar, Árósum, hafa útilistaverk hreinlega valdið deilum. „Í Árósum virðast yfirvöld hafa þá skoðun að öll auð rými verði að fylla af hefðbundinni list sem er komin til að vera, en stundum á það alls ekki við því að opin rými bjóða upp á svo marga aðra möguleika."

Theresa segist vel geta hugsað sér að gera fleiri fossa fyrir landslagið á Íslandi en hyggur þó ekki á neina fjöldaframleiðslu. „Maður má ekki sjá þá of oft því að þá verður þetta bara leiðinleg endurtekning. Ég vil líka vinna með fleiri viðfangsefni og hráefni. Það er ekkert gaman að vera alltaf bara „fossastelpan"," segir Theresa brosandi að lokum.

kristrun@frettabladid.is

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
20. maí kl. 14 örfá sæti laus
Síðasta sýning
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is